



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársskýrsla 2013

Úrvinnslusjóður

Ársskýrsla - 2013

1.	Aðfaraorð formanns	6
2.	Starfsemi Úrvinnslusjóðs árið 2013	8
2.1	Stjórn og starfsmenn	8
2.2	Hlutverk og verklag	9
2.3	Fjöldi þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila	9
2.4	Breytingar á greiðslum til þjónustuaðila	9
2.5	Markmið um söfnun og endurvinnslu	10
2.6	Lagabreytingar	11
2.7	Plastumbúðir	11
2.8	Veiðarfærasamningur	11
2.9	Erlend samskipti	11
2.10	Samningur um söfnun og endurvinnslu smurólíuúrgangs	12
3.	Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2013	15
	Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	14
	Staðfesting ríkisendurskoðanda	17
	Rekstrarreikningur árið 2013	18
	Efnahagsreikningur 31. desember 2013	19
	Sjóðstreymi árið 2013	20
	Reikningsskilaaðferðir	21
	Uppgjör ársins 2013 eftir vöruflokkum	26
4.	Rekstur Úrvinnslusjóðs	28
	Rekstur Úrvinnslusjóðs og rekstraryfirlit einstakra vöruflokka	28
	Olíuvörur	29
	Lífræn leysiefni	30
	Halógeneruð efnasambönd	31
	Ísósýanöt	32
	Olíumálning	33
	Prentlitir	34
	Rafhlöður	35
	Rafgeymar	36
	Framköllunarvökvar	37
	Kvikasilfurvörur	38
	Varnarefni	39
	Kælimiðlar	40
	Hjólbarðar	41
	Pappaumbúðir	42
	Plastumbúðir og heyrúlluplast	43
	Ökutæki	44

Þegar þessi orð eru rituð eru stjórnarfundir Úrvinnslusjóðs orðnir 200 talsins. Á slíkum tímamótum er tilefni til að líta yfir farinn veg, höfum við gengið til góðs götuna frameftir veg? Forveri Úrvinnslusjóðs, Spilliefnanefnd, var stofnuð árið 1996. Stofnun Spilliefnanefndar var mikilvæg stefnumörkun. Markmiðið var að hindra mengun frá hættulegum efnum, hindra áhrif þeirra á umhverfi og líf manna og annarra lífvera. Stefnumörkunin fólst annars vegar í því að aðilar gætu skilað spilliefnum á söfnunarstaði án endurgjalds og hins vegar að kostnaður við förgun spilliefna fælist í spilliefnagjaldi. Þ.e. gjaldi sem lagt væri á í innflutningi. Þannig var talsverður kostnaður færður frá sveitarfélögum, sem greiða kostnað sinn með almennum skatttekjum og þjónustugjöldum, yfir í vöruverð. Áhrif þess voru tvenns konar, annars vegar að kostnaðurinn væri greiddur af þeim sem nota vöruna og valda úrgangi, þ.e. lögmálið „polluter pays“ og hins vegar að þær vörur sem valda kostnaðarsömum úrgangi verði dýrari vegna spilliefnagjaldsins. Úrvinnslusjóður var síðan stofnaður 1. janúar 2003 og tók þá við verkefnum Spilliefnanefndar og voru sjóðnum jafnframt falin viðtækari verkefni. Hlutverk hans var ákveðið að skapa hagræn skilyrði til endurnotkunar og endurnýtingar úrgangs. Var þar ekki síst horft til vaxandi úrgangs frá neyslu- og umbúðapjódfélagi nútímans, hversu gengið er í auknum mæli á auðlindir jarðar, kröfunnar um sjálfbærni og hertar kröfur á ýmsum sviðum.

Við stofnun sjóðsins var mjög horft til breytts skipulag þ.e. að virkja framleiðendaábyrgð. Í samræmi við það varð samkomulag ríkisvalds og atvinnulífs að atvinnulífið hefði meirihluta í stjórn sjóðsins, fjóra stjórnarmenn af sex. Í lögum um sjóðinn var gert ráð fyrir að sjóðurinn beitti útboðum á flestum sviðum verkefna sinna. Eftir miklar umræður var hins vegar ákveðið að opna söfnun og endurvinnslu sem mest þannig að allir sem uppfylltu ákveðin skilyrði og hæfniskröfur gætu komið að verkefnum sjóðsins. Þannig væri unnt að virkja frumkvæði og hugmyndir sem flestra í þjóðfélaginu en þróun í endurvinnslu úrgangs er mjög ör í heiminum.

Við sem störfum að þessum málum á vegum sjóðsins erum þeirrar skoðunar að þessi aðferð hafi reynst vel. Giska má á að velta úrvinnsluiðnaðar sé nú um 10-12 milljarðar á ári, fjöldi samninga við þjónustuaðila er 60-70, ráðstöfunaraðilar um 30-40 og öflug fyrirtæki hafa risið og jafnvel haslað sér völl erlendis. Skoðanakannanir sýna að landsmenn hafa aukinn áhuga á flokkun og endurvinnslu úrgangs, 95% landsmanna telja endurvinnslu mikilvæga.

Meðal fyrirtækja er áhersla á endurvinnslu vaxandi, mörg fyrirtæki í löndunum í kringum okkur hafa sett sér markmið um að ákveðið hlutfall framleiðslunnar skuli unnið úr úrgangi. Þetta er þýðingarmikið atriði. Til framleiðslu á 1 kg af plasti er

áætlað að þurfi um 2 kg af olíu. Endurvinnsla plastics getur því sparað 0,8-2 kg af olíu eftir framleiðsluaðferðum. Úrgangur er orðinn hráefni, í sumum tilvikum verðmætt hráefni. Árið 1995 var 75% úrgangs urðað á Íslandi en árið 2010 var þetta hlutfall 31%.

AFKOMA SJÓÐSINS

Á árinu 2013 varð 165,6 m.kr. tekjuafgangur af rekstri sjóðsins. Eigið fé sjóðsins nam 754,4 m.kr. í árslok og hafði aukist um 165,6 m.kr. Úrvinnslugjald er ákveðið með lögum frá Alþingi. Verulegar sveiflur í innflutningi og neyslu gera erfitt að áætla tekjur sjóðsins til langframa. Líftími vöruflokka, þ.e. tíminn sem líður frá innflutningi þar til úrgangur myndast og gjaldskylda Úrvinnslusjóðs verður virk, er mjög mismunandi. Vangaveltur hafa því orðið talsverðar um ábyrgð sjóðsins til lengri tíma lítið og nauðsynlega sjóðmyndun í því samhengi. Í ársskýrslu ársins 2012 var gerð grein fyrir viðhorfum stjórnar varðandi þetta málefni og umræður urðu nokkrar. Hér er því vísað til síðustu ársskýrslu.

STARFSEMIN FRAMUNDAN

Starfsmenn sjóðsins eru fimm. Verkefnin hafa aukist einkum má nefna verkefni fyrir Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs og nú hefur verið ákveðið með lögum að Úrvinnslusjóður taki við verkefnum vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs. Á síðasta ársfundi var fjallað ítarlega um raf- og rafeindatækjaúrgang og vísast hér til ársskýrslu 2012. Samkvæmt nýsamþykktum lögum er frumkvæði varðandi kynningu þessa málaflokks sett á verksvið Umhverfisstofnunar í samvinnu við m.a. sveitarfélög og Úrvinnslusjóðs og mun sjóðurinn taka þátt í þeirri kynningu samkvæmt tillögum Umhverfisstofnunar.

Að undanfögnu hefur stjórn Úrvinnslusjóðs lagt talsverða vinnu í athugun á meðferð óflokkaðs plastúrgangs frá heimilum og athugun á frekari söfnun og vinnslu glerumbúða umfram drykkjavöruumbúðir. Söfnun blandaðs plastúrgangs frá heimilum hefur verið að aukast. Þessi plastúrgangur er af margvíslegri efnasamsetningu auk þess sem í honum vilja vera ýmis aðskotaefni. Nauðsynlegt er að flokka þennan úrgang áður en til endurvinnslu kemur. Magn er ekki nægt til þess að flokkun geti borið sig hér á landi en Úrvinnslusjóður hefur verið í sambandi við samtök í Noregi og Svíþjóð um lausn flokkunarmálsins. Söfnunaraðilar hafa sent þrjár tilraunasendingar til Þýskalands til flokkunar og enn er málið á vinnslustigi. Innlendir aðilar hafa sýnt áhuga á að taka óflokkaðan plastúrgang frá heimilum til framleiðslu á eldsneyti. Vera má að þar sé

áhugaverð leið til lausnar en sendingar þessa úrgangs til útlanda eru kostnaðarsamar.

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins skal ná tilsettum markmiðum varðandi söfnun og endurvinnslu margra umbúðategunda. Samkvæmt reglugerð á endurvinnslu glerumbúða að ná 60% af þyngd glerumbúða sem settar eru á markað. Endurvinnslan safnar um 6.000 tonnum af glerflöskum á ári sem jafngildir um 84% skilahlutfalli glerumbúða sem bera skilagjald. Þessi glerúrgangur er notaður sem þekjulag á urðunarstöðum. Einkum er nú rætt um notkun í malbik, nota gler sem fyllingarefni eða flytja það út til endurvinnslu. Fyrir liggur skýrsla framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs um meðhöndlun glerúrgangs og samvinnu við Endurvinnsluna um málið.

Úrvinnslusjóður hefur lagt áherslu á að fylgjast með þróun úrvinnslumála á erlendum vettvangi. Margar þjóðir verja miklu fé til þróunar og mikilvægt er fyrir okkur að fylgjast vel með og freista þess að njóta góðs af reynslu þeirra.

Úrvinnslusjóður hefur átt ágætt samstarf við umhverfis- og auðlindaráðuneytið á liðnum árum sem og við aðrar stofnanir ríkisins, samtök sveitarfélaga og hagsmunaaðila atvinnulífsins og einstök fyrirtæki sem starfa á þessu sviði. Það ber að þakka.

Guðm. G. Þórarinnsson
formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs

STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2013

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Með þeim var Úrvinnslusjóður stofnaður en jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar, en Úrvinnslusjóði fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist.

Úrvinnslusjóður fer með umsjón úrvinnslugjalds. Í lögum um Úrvinnslusjóð er gert ráð fyrir að umhverfis- og auðlindaráðherra setji nánari reglur um úrvinnslugjaldið og Úrvinnslusjóð. Það var gert þann 28. mars 2003 með reglugerð nr. 227/2003. Ný reglugerð nr. 501/2003 kom í hennar stað og tók gildi 30. júní 2003.

2.1 STJÓRN OG STARFSMENN

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar sex manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Hann skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fimm meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum:

Stjórn Úrvinnslusjóðs 2013

Skipaður af ráðherra	Guðmundur G. Þórarinnsson, stjórnarformaður
Samtök iðnaðarins	Bryndís Skúladóttir, varaformaður
Samtök íslenskra sveitarfélaga	Byndís Gunnlaugsdóttir
LÍU og Samtök fiskvinnslustöðva	Guðfinnur G. Johnsen
Félag atvinnurekenda	Halldór Haraldsson
Samtök verslunar og þjónustu	Lárus M. K. Ólafsson

Með lagabreytingum sem tóku gildi 1. júlí 2011 var stjórn Úrvinnslusjóðs falið að gegna jafnframt hlutverki stýrinedndar raf- og rafeindatækjaúrgangs. Hlutverk nefndarinnar er skilgreint í 35. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Stýrinednd hefur falið Úrvinnslusjóði að vinna ákveðin verkefni fyrir nefndina. Má þar nefna öflun og úrvinnslu gagna um söfnun og vinnslu raftækjaúrgangs, utanumhald nefndarfunda o.fl. sem viðkemur rekstri nefndarinnar. Heimild er í lögum um

Álagning og breytingar á úrvinnslugjaldi

Nr.	Vöruflokkar	Taxti	1.1.2003	1.1.2004	1.1.2005	1.1.2006	1.3.2007	1.1.2008	1.7.2010	1.1.2011
01	Heyrúlluplast (telst til plastumbúða frá 1.1.2008)			25,00				sjá plastumb.		
02	Samsettar drykkjarvöruumbúðir		22,23		10,00	sjá pappaub.				
02	Samsettar drykkjarvöruumbúðir (kr/stk)		0,59-0,73		fellur út	sjá pappaub.				
04	Olíuvörur aðrar en brennsluolía		11,50	14,50			13,00			30,00
04	Svartolía*		0,00							
05	Lífræn leysiefni, almennt	BF	3,00						7,00	15,00
05	Lífræn leysiefni, sérstök	BF							120,00	
06	Halógeneruð efнасambönd	BK	105,00		130,00				160,00	220,00
07	Ísósýanöt	BJ	1,30	1,50					2,50	5,00
08	Olíumálning	BE	17,00	20,00				25,00	30,00	35,00
09	Prentlitir		20,00	34,00			25,00			
10	Mangandíoxíðraffhlöður		91,00		45,50					
10	Líþíumraffhlöður		171,00		85,50					
10	Raffhlöður með nikkelladmíum		202,00		101,00					
10	Raffhlöður með kvikasilfri		559,00		279,50					
10	Alkalískar hnapparafrhlöður (kr/stk)		5,00		2,50					
11	Rafgeymar með síru	BB	19,00						25,00	35,00
11	Rafgeymar án síru	BC	26,60						35,00	49,00
11	Rafgeymar í tækjum (kr/ökutæki)	BA	104,50-1.672						138-2.207	193-3.090
11	Raffhlöður í rafmagnsspennum		19,00							
12	Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði		36,75-294	51,00-408				72,00-576,00		84,00-672,00
13	Kvikasilfursvörur		900,00							
14	Varnarefni, útrýmingar- og fúavarnarefni		3,00							
15	Kælimiðlar		2,50							
16	Hjólbarðar		36,02		30,00	20,00	15,00			40,00
16	Hjólbarðar (kr/ökutæki)		72,04-36.020		60-30.000	40-20.000	30-15.000			80-40.000
17	Veifaræri*					0,00				
18	Pappírs- og pappaubúðir					10,00	7,00		12,00	15,00
20	Plastumbúðir					10,00	3,00		5,00	12,00
51	Ökutæki (kr/ökutæki á ári)		1.040,00		700,00					

Úrvinnslugjald er alls staðar í kr/kg nema annars sé getið.

sjóðinn til að taka að sér slík verkefni. Einnig mun sjóðurinn leggja út fyrir nefndarlaunum og öðrum kostnaði vegna verkefna stýrinfndar. Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeinda-tækja bera kostnað vegna starfsemi stýrinfndar gegnum skilakerfi sem þeir eru aðilar að.

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs eru fimm.

2.2 HLOTVERK OG VERKLAG


Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann beitir hagrænum hvötum til að koma á skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem stafar frá vörflokkum sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Sjóðurinn leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semur um úrvinnslu hans á grundvelli útboða eða verksamninga.

Stjórn sjóðsins leggur fram tillögur til ráðherra, eftir því sem við á, um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær. Við gerð tillagna að nýjum gjaldskyldum vörum og undanþágu frá gjaldskyldu skal taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum.

Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Úrgangur, sem verður til við vörunotkun eða þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum, rýrir oft náttúruleg gæði.

Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki.

Vöruhringrás



Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni og stuðlar að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds.

2.3 FJÖLDI ÞJÓNUSTUAÐILA OG RÁÐSTÖFUNARAÐILA

Nokkur breyting hefur orðið á fjölda virkra þjónustuaðila milli árana 2012 og 2013. Þar er fyrst og fremst um að ræða að sveitarfélög sem voru þjónustuaðilar vegna umbúða í heimilisúrgangi detta út. Einnig hættu bændur að senda inn heyrúlluplast eftir að Sorpbrennslan á Húsavík hætti. Ráðstöfunaraðilum fækkar einnig vegna þess að brennslustöðvum hefur verið lokað.

	Fjöldi þjónustuaðila	Fjöldi ráðstöfunaraðila
Pappa og pappírsumbúðir	12	4
Plastumbúðir (án heyrúlluplasts)	11	6
Heyrúlluplast	29	7
Hjólbarðar	11	5
Spilliefni	4	16

2.4 BREYTINGAR Á GREIÐSLUM TIL ÞJÓNUSTUAÐILA

Flutningsjöfnun	
01.08.13	Flutningsjöfnun vegna umbúða og rafgeyma breytt vegna fjölgunar útflytningshafna um landið. Bættust þá við hafnir á Akureyri vegna rafgeyma og umbúða, Ísafirði vegna umbúða og Reyðarfirði vegna rafgeyma
	Greiðslur flutningsjöfnunar fyrir heyrúlluplast hefjast
	Flutningsjöfnun vegna hjólbarða breyttist vegna þess að brennsla lagðist af á Húsavík en þar hafði verið „núllpunktur“. Eftir það miðast allur flutningur hjólbarða við að þeir fari til vinnslu á höfuðborgarsvæðinu
01.12.13	Greiðslur fyrir flutning hjólbarða hækka í kjölfar endurskoðunar
Endurgjald	
01.08.13	Greiðslur fyrir endurnýtingu heyrúlluplasts skiptust í ráðstöfunargreiðslur og flutningsgreiðslur
01.12.13	Endurgjald vegna endurvinnslu og endurnýtingar á urðunarstöðum fyrir hjólbarða hækkar um 4 kr/kg



STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2013

2.5 MARKMIÐ UM SÖFNUN OG ENDURVINNSLU

Umbúðir úr pappa, pappír og plasti

Í reglugerð 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, með síðari breytingum, kemur fram að endurvinnsla pappa- og pappírsumbúða skal vera 60% og plastumbúða 22,5% eftir 31. desember 2011. Eingöngu er tekið mið af plasti sem er endurunnið í plast.

Á mynd 2.5.1 sést yfirlit yfir magn pappa- og pappírsumbúða sem settar eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall. Endurvinnsluhlutfall ársins 2013 var 72% og ársins 2012 67%.

Á mynd 2.5.2 sést yfirlit yfir magn plastumbúða sem settar eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall. Í magn-tölum eru plastumbúðir sem lagt er á úrvinnslugjald, heyrúllu-plast og skilagjaldsumbúðir. Endurvinnsluhlutfall ársins 2013 var 31% og ársins 2012 42%. Lægra hlutfall skýrist af að van-


talinn innflutningur nokkurra fyrri ára af heyrúlluplasti kom til álagningar 2013.

Raflöður, rafgeymar og blýsýrurafgeymar

Í reglugerð 1020/2011 um raflöður og rafgeyma, með síðari breytingum, kemur fram að Úrvinnslusjóður skuli að lágmarki ná 25% söfnunarhlutfalli færanlegra raflaðna og rafgeyma eigi síðar en 26. september 2012.


Á mynd 2.5.3 sést yfirlit yfir magn raflaðna og rafgeyma sem settar eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall. Endurvinnsluhlutfall hvers árs er hlutfall af magni raflaðna sem endurunnið er á árinu deilt með meðalmagni raflaðna sem settar eru á markað á árinu og næstu tveimur árum þar á undan. Blýsýrurafgeymar eru ekki taldir með. Á mynd 2.5.4 sést yfirlit yfir magn blýsýrurafgeyma sem settir eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall.

MYND 2.5.1




Tölur um magn pappa- og pappírsumbúða sem settar eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall. Magntölur eru í tonnum

MYND 2.5.2




Tölur um magn plastumbúða sem settar eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall. Magntölur eru í tonnum

MYND 2.5.3



Tölur um magn raflaðna og rafgeyma sem settar eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall. Magntölur eru í tonnum

MYND 2.5.4



Tölur um magn blýsýrurafgeyma sem settir eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall. Magntölur eru í tonnum

2.6 LAGABREYTINGAR

Stjórn Úrvinnslusjóðs lagði til við umhverfis- og auðlindaráðherra hækkanir á úrvinnslugjaldi fjögurra vöruflokka, til að mæta viðvarandi rekstrarhalla viðkomandi sjóða. Þetta eru sjóðir vegna plastumbúða, leysiefna, olíumálningar og framköllunarefna. Lagt var til við ráðherra að lækka úrvinnslugjald á rafgeyma vegna þess að hátt endursöluverð er á mörkuðum fyrir endurunnið blý. Einnig lagði stjórn Úrvinnslusjóðs til við umhverfis- og auðlindaráðherra að hækka skilagjald á ökutækjum úr 15.000 kr. í 20.000 kr. Alþingi samþykkti breytingar úrvinnslugjalda og skilagjalds og voru þær samþykktar á haustþingi 2013 með lögum um ýmsar forsendur til fjárlaga árið 2014 (verðlagsbreytingar ofl) og tóku gildi 1. janúar 2014.

Umhverfis- og auðlindaráðherra mælti fyrir frumvarpi um breytingar á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs á haustþingi 2013. Þar kemur m.a. fram að setja skuli úrvinnslugjald á raf- og raftækjaúrgangs. Í framhaldinu skuli Úrvinnslusjóði falin umsjón með ráðstöfun gjaldsins sem standa skal undir endurvinnslu og endurnýtingu raf- og raftækjaúrgangs.

2.7 PLASTUMBÚÐIR

Söfnun á blönduðu plasti frá heimilum hefur aukist ár frá ári. Þar sem þarna ægir saman ýmsum plasttegundum auk aðskotaefna þarf að flokka umbúðirnar áður en þær eru endurunnar. Úrvinnslusjóður hefur verið í sambandi við samtök í Noregi og Svíþjóð vegna fyrirhugaðrar þátttöku sjóðsins í sameiginlegu útboði þessara landa á flokkun.

Frá upphafi hefur greiðsla Úrvinnslusjóðs fyrir ráðstöfun plastumbúða verið sú sama fyrir allar tegundir plastumbúða óháð því hversu verðmætar þær eru eða kostnaðarsamar við endurvinnslu. Úrvinnslusjóður hefur unnið að því að breyta greiðslum þannig að þær endurspegli verðmæti umbúðanna. Stjórn sjóðsins hefur samþykkt sex flokka plastumbúða: Filmu, stíft plast, stórsekki, mengaðar plastumbúðir, blandaðar plastumbúðir frá heimilum og heyrúlluplast.

Á árinu 2013 voru sendar 3 tilraunasendingar til Þýskalands til að fá upplýsingar um samsetningu blandaðra plastumbúða frá heimilum. Í ljós kom að magn aðskotaefna var of mikið m.v. þau mörk sem sett eru í útboði norsku og sænsku samtakanna. Þar er miðað við að ekki sé meira en 10% aðskotaefni. Unnið er að því að finna farveg sem tryggir hámarksendurvinnslu þessa efnis.

2.8 VEIÐARFÆRASAMNINGUR

Þann 29. ágúst 2005 var gert samkomulag við Landsamband íslenskra útvegsmanna um meðhöndlun á úrgangi frá veiðar-

færum úr gerviefnum á grundvelli laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002 með síðari breytingum.

Samkvæmt samningi LÍÚ við PM Endurvinnslu ehf. er móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang úr gerviefnum á starfssvæði PM Endurvinnslu ehf. í Gufunesi og berst þangað veiðarfæraúrgangur frá öllu landinu.

Innsafnað magn af veiðarfærum úr gerviefnum á vegum LÍÚ var um 463 tonn (PE plast) þar af fóru til endurvinnslu 422,7 tonn, 40 tonn voru urðuð. 326,6 tonn (PA plast) var safnað og fór það allt til endurvinnslu. Til urðunar fóru líka PA blönduð 7,5 tonn, netateinar og kaðlar úr PP/PE 8 tonn og flot, 20 tonn. Til viðbótar því magni sem að ofan greinir hefur Úrvinnslusjóður fengið staðfest að a.m.k. 100 tonn af veiðarfærum úr gerviefnum hafi verið móttækin hjá öðrum endurvinnsluáðilum á árinu 2013. Samtals gerir þetta um 967 tonn af veiðarfærum úr gerviefnum sem eru endurunnin hér á landi eða erlendis. Jöfn aukning hefur verið á skilum á veiðarfærum úr gerviefnum frá árinu 2006 vegna bættrar meðhöndlunar á veiðarfæraúrgangi hjá útgerðum allsstaðar að af landinu. Þó er örlítill minnkun á magni veiðarfæra sem berst til úrvinnslu á milli árána 2012, 1063 tonn og svo 967 tonn, 2013. Mikill meirihluti veiðarfæra úr gerviefnum fer í endurvinnslu eða um 86% af söfnuðum veiðarfæraúrgangi. Sjá töflu.

Ráðstöfun			
Tegund	Magn (kg)	Endurvinnsla	Urðun
Fiskitroll PE	462.535	422.700	39.835
Flottroll PA	68.903	68.903	
Nótaefni PA	326.646	326.646	
Netafskurður PA	49.000	49.000	
Lína PA Impregnated	7.500		7.500
Netateinar og Kaðlar PP/PE	8.000		8.000
Flot	20.000		20.000
Samtals:	942.584	867.249	75.335

2.9 ERLEND SAMSKIPTI

Úrvinnslusjóður gerðist aðili að EPRO eða European Association of Plastic Recycling and Recovery árið 2004. Í samtökunum eru aðilar frá um það bil 14 Evrópuríkjum og nær starfssvið sumra þessara aðila aðeins til plastumbúða en annarra er víðara. Enginn þessara aðila annast þó jafn margra vöruflokka og Úrvinnslusjóður. Markmið þessara samtaka er að skipuleggja og kynna endurvinnslu og endurnýtingu á plasti í Evrópu auk þess að vera vettvangur til skoðanaskipta og fræðslu um þessi mál-efni.

EPRO hélt aðalfund á Íslandi í maí 2013. Á fundinn mættu 26 aðilar frá 13 löndum. Í tengslum við aðalfundinn var sérstakur fundur um heyrúlluplast þar sem m.a. var farið í heim-

STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2013

sókn til PM endurvinnslu. Þá voru ýmis erindi flutt um plast- og plastumbúðir og endurvinnslu. Má þar nefna erindi sem Dr. Helmut Maurer, EU Commission, flutti um „EU Green paper on plastic waste; what is expected from us“. Úrvinnslusjóður gaf yfirlit yfir söfnun og endurvinnslu á veiðarfærum úr plasti og heyrulluplasti.

2.10 SAMNINGUR UM SÖFNUN OG ENDURVINNSLU SMUROLÍUÚRGANGS

Í lok árs 2013 var gengið frá samningum við Skeljung og Olíu-dreifingu um söfnun smurolíu- og svartolíuúrgangs að fenginni heimild Samkeppniseftirlitsins. Samningurinn gildir frá og með 1. janúar 2014 og er til fimm ára. Frágangur samningsins á sér langan aðdraganda sem er hér rakinn í stuttu máli.

- Í lögum um nr. 56/1996 um spilliefnagjald var kveðið á um að spilliefnagjald skyldi lagt á svartolíu og aðrar olíuvörur en brennsluolíu.
- Spilliefnanefnd samdi við ofangreind félög um söfnun og úrvinnslu smurolíuúrgangs. Samtímis undirrituðu samningsaðilar yfirlýsingu um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu. Svartolían var þar með undanþegin spilliefnagjaldi.
- Við gildistöku laga nr. 162/2002 þann 1. janúar 2003 féllu lög nr. 56/1996 um spilliefnagjald úr gildi. Úrvinnslusjóður yfirtók þar með ofangreindan samning og úrvinnslugjald var lagt á olíuvörur. Samningurinn var framlengdur með sameiginlegri yfirlýsingu um mitt ár 2003.
- Í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er þeim sem annast dreifingu og sölu á olíu gert skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki sem til þess hafa leyfi Umhverfisstofnunar, og tryggja viðunandi eyðingu.
- Vegna tækjabúnaðar, þekkingar, áratuga langrar reynslu af söfnun, meðhöndlun og úrvinnslu úrgangsolíu, beinna samskipta við úrgangshafa og ábyrgð á móttöku er talið



hagkvæmt og umhverfislega jákvætt, að olíufélögin annist söfnun og ráðstöfun smurolíuúrgangs.

- Í lok árs 2004 óskaði Úrvinnslusjóður eftir álit samkeppnisyfirvalda á því hvort framlenging þjónustusamnings við ofangreind félög stangaðist á við samkeppnislög. Samkeppniseftirlitið gerði athugasemdir við samninginn en heimilaði tímabundna framlengingu hans með tilmælum til Úrvinnslusjóðs um að bjóða út verkefnið eða bjóða opna samninga þannig að fleiri aðilar gætu tekið þátt í verkefninu.
- Samningurinn var framlengdur með sameiginlegri yfirlýsingu í árslok 2007. Í kjölfarið var nefnd skipuð af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem átti að gera tillögur um fyrirkomulag við söfnun og úrvinnslu smurolíuúrgangs.
- Úrvinnslusjóður sagði upp samningi við ofangreind félög um söfnun og úrvinnslu smurolíuúrgangs frá og með 1. nóvember 2010. Í framhaldinu var samningurinn framlengdur tímabundið nokkrum sinnum.
- Um mitt ár 2011 óskaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 á grundvelli ákvæðis 15. gr. sömu laga vegna samstarfs seljanda smurolíu um söfnun og förgun úrgangsolíu annars vegar og undanþágu fyrir Úrvinnslusjóð frá því að bjóða út einstaka verkþætti vegna úrvinnslu smurolíu hinsvegar.
- Samkeppniseftirlitið svaraði erindi ráðuneytisins 17. október 2013 með ákvörðun nr. 24/2013 sem heimilaði ofangreindum félögum tímabundið að starfa saman að söfnun og endurvinnslu úrgangsolíu með samningi við Úrvinnslusjóð.



ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2013

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Úrvinnslusjóður er stofnun sem heyrir undir umhverfisráðherra. Meginhlutverk sjóðsins er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans en framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn. Í framkvæmd eru gjöld staðfest af sjóðnum en tekjur eru færðar án aðkomu hans. Í lögnum segir enn fremur að tekjur sjóðsins skuli vera af úrvinnslugjaldi og beri þeim að standa undir tilgreindum kostnaði við úrvinnslu úrgangs. Upphæð gjaldsins skal taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs.

Á árinu 2013 varð 165,5 m.kr. tekjuafgangur af rekstri sjóðsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins 908,9 m.kr., skuldir 145,4 m.kr., eigið fé nam 754,4 m.kr. í árslok 2013 og þar af var bundið eigið fé 72,0 m.kr.

Á árinu 2011 var stjórn Úrvinnslusjóðs falið að gegna jafnframt hlutverki stýrinefndar raf- og rafeindatækjaúrgangs. Hlutverk nefndarinnar er skilgreint í 35. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum. Á sama tíma var fjölgað um einn stjórnarmann í stjórn sjóðsins. Stýrinefnd hefur falið Úrvinnslusjóði að vinna ákveðin verkefni fyrir nefndina. Má þar nefna öflun og úrvinnslu gagna um söfnun og vinnslu raftækjaúrgangs, utanumhald nefndarfunda o.fl. sem viðkemur rekstri nefndarinnar. Heimild er í lögum um sjóðinn til að taka að sér slík verkefni. Úrvinnslusjóður leggur út fyrir nefndarlaunum og öðrum kostnaði vegna verkefna stýrinefndar. Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja bera kostnað vegna starfsemi stýrinefndar gegnum skilakerfi sem þeir eru aðilar að. Talsverðar upphæðir eru ógreiddar vegna þessara atriða. Að beiðni ráðuneytis umhverfis- og auðlindamála hefur stjórn Úrvinnslusjóðs ekki aðhafst við innheimtu þessara upphæða þar sem ráðuneytið á í viðræðum við skilakerfin um úrlausn tengdra mála.

Á undanförunum árum hefur stjórn Úrvinnslusjóðs oft fjallað um hugsanlegar framtíðarskuldbindingar Úrvinnslusjóðs og hefur gert það að umfjöllunarefni á ársfundum sjóðsins. Þetta viðfangsefni er mjög mikilvægt.

Á þessu máli eru margar hliðar. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur gert tilraun til að reikna hugsanlegar fjárskuldbindingar en orka kann tvímælis út frá hvaða forsendum skuli ganga.

Við stofnun sjóðsins fóru fram talsverðar umræður við fjármálaráðuneytið um hvort úrvinnslugjald skuli skilgreinast sem þjónustugjald eða skattur. Formaður stjórnar var þeirrar skoðunar að gjaldið sé þjónustugjald og gerði grein fyrir því við ráðuneytið með greinargerð. Það inniber að gjaldið sé lagt á til þess að inna af hendi ákveðna þjónustu og skuli einvörðungu varið í því augnamiði. Þetta sjónarmið varð undir í umræðunum og embættismenn fjármálaráðuneytis töldu ótvírætt að gjaldið sé skattur og fært í fjárlögum sem slíkt. Að mati stjórnar er munurinn sá að þjónustugjald verður að vera í samræmi við veitta þjónustu, þ.e. að fullnægja þeim skuldbindingum sem það er lagt á til að sinna. Skattar eru hins vegar gjöld sem lögð eru á og fela ekki í sér skuldbindingu um ákveðna þjónustu. Í 3. gr. laga um úrvinnslugjald nr 162/2002, með síðari breytingum, segir fyrir um hvernig úrvinnslugjaldi skuli varið.

Eigi að síður hefur stjórn gert útreikninga og reynt að meta hverjar væru framtíðarskuldbindingar sjóðsins ef lengst væri gengið. Útreikningar eru mismunandi fyrir hina ýmsu vöruflokka. Sumir vöruflokkar skila sér til endurvinnslu sama ár og gjaldið er lagt á en aðrir hafa langan líftíma og koma til endurvinnslu mörgum árum eftir að þeir hafa verið teknir til notkunar. Þetta o.fl. endurspeglast í útreikningunum.

Augljóst er að Úrvinnslusjóður ber framtíðarskuldbindingar gagnvart skilagjaldi á ökutæki. Í lögum um úrvinnslugjald 162/2002, með síðari breytingum, segir „greiða skal skilagjald kr 20.000 hverjum þeim sem afhendir gjaldskyld ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald verið greitt að minnsta kosti einu sinni af viðkomandi ökutæki.”

Þetta felur í sér verulega fjárskuldbindingu til framtíðar. Útreikninga má sjá hér að neðan.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2013

Hins vegar orkar tvímælis hvort framtíðarskuldbinding sé til staðar varðandi aðra vöruflokk, sbr. skilgreiningu gjaldsins hér að framan sem skatt.

Telji hlutaðeigandi yfirvöld að um fjárskuldbindingu sé að ræða þarf að meta hversu þær skuli reiknaðar. Inn í það blandast tryggingafræðilegar forsendur, líkur á að slíkar skuldbindingar geti orðið virkar, þ.e. að gjaldið verði fellt niður, t.d. ef hætt er að flytja inn eða framleiða viðkomandi vöru, en skuldbindingin standi eftir. Óraunhæft hlýtur að vera að mynda sjóð eða taka tryggingar vegna skuldbindinga sem aldrei koma til eða aðeins að litlum hluta. Nauðsynlegt er að meta forsendur og líkindi og eðlilegt að fleiri en Úrvinnslusjóður komi að því mati, t.d. umhverfis- og auðlindaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og Ríkisendurskoðun.

Fram hefur komið í áritun stjórnar í ársreikningum að sjóðstjórnin hefur talið nauðsynlegt að sjóðsmyndun standi að jafnaði undir sem svarar 30% af ársveltu vöruflokkanna vegna sveiflna í vörunotkun og innflutningi/framleiðslu. Þessi tala kann að orka tvímælis og er stjórn sjóðsins nú að skoða það mál. Rétt er að benda á að það sama gildir ekki um alla vöruflokk hvað þetta varðar. Að sjálfsögðu má deila um þetta mat en stjórnin hefur eftir bestu vitund talið þetta skynsamlegt.

Samkvæmt lögum um úrvinnslugjald skal stefnt að því að staða hvers vöruflokks skuli jafnan vera í jafnvægi. Vegna sífelldra sveiflna í innflutningi og kostnaði þarf hverju sinni að hafa augu á þessu attriði og miða upphæð úrvinnslugjalds við þetta markmið. Til þess að ekki verði um sífelldar sveiflur í upphæð úrvinnslugjaldsins hefur stjórnin miðað við að jafnvægi í sjóðsstöðu náist hverju sinni á 3-4 árum.

Mat á fjárhagslegum skuldbindingum Úrvinnslusjóðs 2014

Vöruflokkar	Álagt magn [Kg]	Líftími* [ár]	Útistandandi [Kg]	Heildar úrvinnslukostn. [kr/kg]	Skilahlutfall**	Skuldbinding [Þúsund kr]
Olía	4.135.745	0,5	2.067.872	65,6	43%	57.745
Leysiefni	982.699	0,5	491.350	156,1	10%	7.962
Halógeneruð efnas.	18.015	0,5	9.008	312,2	28%	799
Ísósýanöt	157.950	0,25	39.488	238,5	2%	225
Málning	1.288.514	0,25	322.128	182,3	13%	7.770
Prentlitir	140.402	0,5	70.201	175,7	7%	828
Raflöður	210.152	1	201.152	304,4	100%	63.965
Rafgeymar	1.373.350	4	5.493.402	16,8	100%	92.385
Vörur í ljósm.iðnaði	24.451	0,5	12.226	133,1	113%	1.833
Kvikasilfurvörur	42	4	167	469,4	100%	79
Varnarefni	124.111	0,5	62.055	308,8	1%	279
Kælimiðlar	42.916	4	171.665	679,0	3%	3.376
Hjólbarðar	4.794.907	4	19.179.628	50,9	90%	878.664
Pappaumbúðir	17.342.896	0,25	4.335.724	17,1	100%	73.929
Plastumb. & heyrulluplast	11.448.297	0,25	2.862.074	33,6	100%	96.282
Samtals	42.084.448		35.327.140			1.285.981

	[Þúsund ökut]	[Ár]	[Þúsund ökut]	[kr/ökutæki]	Skilahlutfall	[Þúsund kr]
Ökutæki	223.742		223.742	30.189	100,0%	6.754.637

Heildarskuldbinding 8.040.617

Forsendur

*Veltuhraði gefur til kynna hversu stór hluti af samanlögðum innflutningi og innlendri framleiðslu er í umferð á hverjum tíma

**Skilahlutfall er mat á því hversu stór hluti af því sem er í umferð á hverjum tíma skilar sér í úrvinnslukerfið.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2013

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, apríl 2014

Í stjórn


Guðmundur G. Þórarinnsson


Bryndís Skúladóttir


Halldór Haraldsson


Guðfinnur G. Johnsen


Lárus M.K. Ólafsson


Bryndís Gunnlaugsdóttir

Framkvæmdastjóri


Ólafur Kjartansson

Áritun ríkisendurskoðanda

TIL STJÓRNAR ÚRVINNSLUSJÓÐS

Við höfum endurskoðað ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Við erum ábyrgir fyrir því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.

ÁLIT

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Úrvinnslusjóðs á árinu 2013, efnahag 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, apríl 2014

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2013

Rekstrarreikningur árið 2013

	Skýr.	2013	2012
Tekjur			
Úrvinnslugjöld vegna innfluttra vara	1	778.838.721	759.101.637
Úrvinnslugjöld vegna ökutækja	2	155.840.069	154.962.509
Úrvinnslugjöld vegna innlendar framleiðslu	3	73.837.945	61.878.323
Aðrar tekjur	4	5.776.038	5.627.377
.....		<u>1.014.292.773</u>	<u>981.569.846</u>
Gjöld			
Skilagjald		71.756.954	63.545.800
Móttökustöðvargjöld		550.728.890	540.823.245
Söfnunarstöðvargjöld		3.674.998	2.712.748
Flutningsgjöld		125.429.730	113.091.845
Önnur meðhöndlunargjöld		30.934.339	35.470.567
Rekstrarkostnaður, sértækur	5	13.413.908	18.401.373
.....		<u>795.938.819</u>	<u>774.045.578</u>
Rekstrarkostnaður, sameiginlegur	6	79.338.332	76.489.125
.....		<u>875.277.151</u>	<u>850.534.703</u>
Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur		139.015.622	131.035.143
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	7	<u>26.542.837</u>	<u>19.242.694</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>165.558.459</u>	<u>150.277.837</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2013

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	8	741.317.474	548.728.649
Viðskiptakröfur		165.890.911	162.350.567
Handbært fé		1.702.136	1.658.238
.....		<u>908.910.521</u>	<u>712.737.454</u>
.....			
Eignir alls.....		<u>908.910.521</u>	<u>712.737.454</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll í ársbyrjun		534.862.089	402.584.252
Tekjuafgangur ársins		165.558.459	150.277.837
Flutt á annað eigið fé		(18.000.000)	(18.000.000)
..... Höfuðstóll	9	<u>682.420.548</u>	<u>534.862.089</u>
.....			
Annað eigið fé:			
Bundið eigið fé		<u>72.000.000</u>	<u>54.000.000</u>
..... Annað eigið fé	9	<u>72.000.000</u>	<u>54.000.000</u>
..... Eigið fé		<u>754.420.548</u>	<u>588.862.089</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		<u>154.489.973</u>	<u>123.875.365</u>
..... Skuldir		<u>154.489.973</u>	<u>123.875.365</u>
Eigið fé og skuldir alls.....		<u>908.910.521</u>	<u>712.737.454</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2013

Sjóðstreymi árið 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Tekjuhalli ársins		165.558.459	150.277.837
Veltufé frá rekstri		<u>165.558.459</u>	<u>150.277.837</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Ríkissjóður. inneign lækkun/(hækkun)		(192.588.825)	(93.110.402)
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)		(3.540.344)	35.183.608
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun		30.614.608	(92.409.851)
		<u>(165.514.561)</u>	<u>(150.336.645)</u>
Handbært fé frá rekstri		43.898	(58.808)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>1.658.238</u>	<u>1.717.046</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>1.702.136</u>	<u>1.658.238</u>

Reikningsskilaaðferðir

GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILA

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

TEKJUSKATTAR

Úrvinnslusjóður er undanþeginn álagningu tekjuskatta.

SKRÁNING TEKNA

Tekjur Úrvinnslusjóðs eru úrvinnslugjald sem lagt er á gjaldendur samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Innheimta er í höndum sýslumanna og tollstjóra. Úrvinnslugjaldið er fært í fjárhagsbókhald hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt skilagreinum úr tekjubókhaldskerfi ríkisins án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Með samningi við stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs, sbr. lög nr. 55/2003 með síðari breytingum, um meðhöndlun úrgangs, vinnur Úrvinnslusjóður ákveðin verkefni fyrir nefndina. Úrvinnslusjóður leggur út fyrir nefndarlaunum stýrinefndar. Aðrar tekjur eru reikningar fyrir vinnu og nefndarlaun sem sendir eru til stýrinefndar.

SKRÁNING GJALDA

Þegar reikningar berast Úrvinnslusjóði eru þeir áritaðir og samþykktir. Síðan eru þeir sendir með beiðni um greiðslu og bókun til Fjársýslu ríkisins. Skilagjald ökutækja er gjaldfært samkvæmt skilagreinum án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok. Fjársýslan sér um alla meðferð virðisaukaskatts fyrir Úrvinnslusjóð.

SKAMMTÍMAKRÖFUR

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

HANDBÆRT FÉ

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

LÍFEYRISSKULDBINDING

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna sjóðsins er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

VIÐSKIPTASKULDIR

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2013

BÓKHULD OG FJÁRVARSLA

Úrvinnslusjóður er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Í því felst að Fjársýslan annast færslu bókhalds samkvæmt samþykktum reikningum frá sjóðnum annars vegar og hins vegar samkvæmt skilagreinum úr tekjubókhaldskerfi ríkisins. Sjóðurinn er einnig í launagreiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

FJÁRHEIMILDIR OG REKSTUR

Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að rekstur sjóðsins væri fjármagnaður með innheimtu úrvinnslugjalds. Fjárveitingar á fjárlögum 2013 fyrir markaðar tekjur Úrvinnslusjóðs (áætlaðar tekjur af úrvinnslugjaldi) námu 982,0 m.kr. Tekjur af úrvinnslugjaldi urðu 1.008,5 m.kr.

Rekstur vörflokka nam 795,9 m.kr. sem er 155,1 m.kr. lægra en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Sértekjur sjóðsins, sem eru aðrar tekjur og fjármagnsliðir nettó eða vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti og vaxtagjöldum voru 32,3 m.kr. Rekstrargjöld sjóðsins námu 78,9 m.kr. en það var 15,9 m.kr. hærra en gert var ráð fyrir í fjárheimildum og eignakaup voru 0,4 m.kr. sem er 0,6 m.kr. innan fjárheimilda. Á móti öðrum kostnaði eru sértekjur vegna stýrinedndar raf- og rafeindatækjaúrgangs að upphæð kr. 5,8 m.kr.

Sértekjur og ríkistekjur að frádregnum rekstrargjöldum námu samtals 165,6 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald	(982.000)	(982.000)	(1.008.517)	26.517
Sértekjur, fjármagnsliðir nettó	(33.000)	(33.000)	(32.319)	(681)
Rekstur vörflokka	951.000	951.000	795.939	155.061
Annar kostnaður	63.000	63.000	78.916	(15.916)
Eignakaup	1.000	1.000	423	577
.....	0	0	(165.558)	165.558

Fjárhæðir í þús. kr.

	2013	2012
Rekstrarreikningur, sundurliðun í þús.kr.:		
Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald	(1.008.517)	(975.942)
Sértekjur, fjármagnsliðir nettó	(32.319)	(24.870)
Rekstur vörflokka	795.939	774.046
Annar kostnaður	79.338	76.489
	(165.558)	(150.278)

SUNDURLIÐANIR

1. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA INNFLUTTRA VARA

Álagt úrvinnslugjald á innfluttar vörur á árinu 2013 nam 778,8 m.kr. Hækkun frá fyrra ári var 19,7 m.kr. eða 2,6% og stafar af auknum innflutningi í nokkrum vörflokkum. Álagning á innfluttar vörur er í höndum tollstjóra.

2. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA ÖKUTÆKJA

Úrvinnslugjald vegna ökutækja var 155,8 m.kr. og hækkaði um 0,8 m.kr. frá árinu 2012 eða 0,6%. Úrvinnslugjald vegna ökutækja er gjald sem lagt er á ökutæki og er það innheimt með bifreiðagjöldum. Ríkisskattstjóri annast álagningu á ökutæki.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2013

3. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA INNLENDRAR FRAMLEIÐSLU

Álagning vegna innleðrar framleiðslu nam 73,8 m.kr. á árinu, en 61,9 m.kr. á síðasta ári, sem er hækkun um 12,0 m.kr. eða 19,3%, sem skýrist af aukinni framleiðslu. Úrvinnslugjald innleðrar framleiðslu er vegna málningar, leysiefna, pappa- og pappírumbúða, plastumbúða og hjólbarða. Álagning á innleðra framleiðslu er í höndum skattstjóra. Frá álagningu á innleðra framleiðslu er dregin álagning úrvinnslugjalds á innfluttar vörur sem notuð er í innleðra framleiðslu og endurgreiðsla úrvinnslugjalds á innflutta vöru vegna eigin endurnýtingar skv. sérstökum samningi þar um. Í fylgiskjali með ársreikningi er gerð grein fyrir álagningu úrvinnslugjalds vegna innleðrar framleiðslu og ofangreindum frádrætti.

4. AÐRAR TEKJUR

Með samningi við stýrinfund raf- og rafeindatækjaúrgangs, sbr. lög nr. 55/2003 með síðari breytingum, um meðhöndlun úrgangs, vinnur Úrvinnslusjóður ákveðin verkefni fyrir nefndina og leggur út fyrir nefndarlaunum. Reikningar fyrir vinnu og nefndarlaun eru sendir til stýrinfundar. Skýrir þetta aðrar tekjur sem námu 5,8 m.kr. árið 2013, en 5,6 m.kr. árið áður.

5. REKSTRARKOSTNAÐUR, SÉRTÆKUR

Úrvinnslusjóði ber að gera úrvinnslugjald upp eftir vörflokkum. Sértækur rekstrarkostnaður er kostnaður sem tilheyrir ákveðnum vörflokkum og er því færður beint til gjalda á viðkomandi vörflokk. Gerð er grein fyrir þeirri skiptingu eftir vörflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Sértækur rekstrarkostnaður lækkaði um 5,0 m.kr. frá fyrra ári eða 27,1%. Lækkun skýrist aðallega af lækkun aðkeyptar sérfræðipjónustu og afskrifta. Lækkun aðkeyptar pjónustu er vegna verkefna tengdum athugun á mót-töku og flokkun spilliefna, endurskoðun á umbúðahlutföllum vegna breytinga á tollflokkun og hugbúnaðargerðar árið 2012.

	2013	2012
Skrifstofuvörur	4.024	0
Kynningarstarfsemi	367.009	353.781
Funda- og ferðakostnaður	3.640.034	4.259.453
Aðkeypt sérfræðipjónusta	304.180	3.392.375
Umsýslugjald	5.040.314	4.993.020
Afskrifað úrvinnslugjald	4.058.347	5.402.744
	<u>13.413.908</u>	<u>18.401.373</u>

6. REKSTRARKOSTNAÐUR. SAMEIGINLEGUR

Sameiginlegur rekstrarkostnaður er kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra beint á ákveðinn vörflokk og er skipt á vörflokka í réttu hlutfalli við álagt úrvinnslugjald þegar kemur að uppgjöri eftir vörflokkum. Gerð er grein fyrir uppgjöri ársins 2013 eftir vörflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Sameiginlegur rekstrarkostnaði er skipt upp í laun og annan rekstrarkostnað. Á móti kostnaði eru sértekjur vegna stýrinfundar raf- og rafeindatækjaúrgangs að upphæð 5,8 m.kr.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld voru 62,2 m.kr. og hækkuðu um 2,6 m.kr. eða 4,4% frá fyrra ári og skýrist af almennum samningsbundnum launahækkunum og endurskoðun launakjara m.a. vegna vinnu fyrir stýrinfund. Í árslok 2013 voru fimm starfsmenn hjá Úrvinnslusjóði, sem er óbreyttur fjöldi frá árinu áður. Stjórnarmönnum fjölgaði um mitt ár 2011 úr fimm í sex. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

	2013	2012
Launagjöld	39.218.246	37.854.673
Stjórnarlaun og v. stýrinfundar raf- og rafeindatækjaúrgangs	10.632.056	10.771.814
Launatengd gjöld	11.980.487	10.860.381
Starfstengdur kostnaður	360.000	54.700
	<u>62.190.789</u>	<u>59.541.568</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2013

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður Úrvinnslusjóðs hækkaði milli ára um 2,8 m.kr. eða 3,7%. Hækkunin dreifist á nokkra liði, auk þess sem aðrir hafa lækkað.

	2013	2012
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.784.786	2.405.660
